

**670. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 16.  
apríl 2026 og hófst hann kl. 13:30.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ólafsson varaformaður, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður og Jóhann Bæring Gunnarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Gauti Geirsson.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Erla Margrét Gunnarsdóttir, Skipulags- og umhverfisfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Hauganes - Beiðni um lóðaúthlutun - 2026040101**

Lagður fram tölvupóstur frá Jóni Grétari Magnússyni hjá M11 Arkitektum, fyrir hönd forsvarsmanna Fjallabóls ehf. dagsettur 13. apríl 2026, þar sem óskað er eftir lóð á Hauganesi á grundvelli 6. gr. úthlutunarreglna Ísafjarðarbæjar.

Sjá einnig meðfylgjandi gögn: "Beiðni um lóðaúthlutun svæðis til uppbyggingar á grundvelli 6. gr. úthlutunarreglna Ísafjarðarbæjar" dagsett 13. apríl 2026, "Hauganes Bað og hótél", kynning dagsett 1. apríl 2026, sem kynnt var fyrir bæjarfulltrúum ásamt drögum að samningi um lóðaúthlutun (vinnuskjal).

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Fjallaból ehf. fái úthlutað til uppbyggingar lauga, hótels og heilsuræktarstöðvar, land á Hauganesi í Skutulsfirði, á grundvelli 6. gr. úthlutunarreglna Ísafjarðarbæjar.*

**2. Skeið 2, Ísafirði. Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um uppskipti lóðar - 2026030023**

Lögð fram fyrirspurn frá Ómari Helgasyni, f.h. Hnífa ehf. dags. 15. febrúar 2026 um uppskipti lóðarinnar við Skeiði 2, Ísafirði undir snertilausa bílaþvottastöð á um 500-600 fm lóð. Í gildandi deiliskipulagi er stærð lóðarinnar við Skeiði 2, 1.745,0 fm með nýtingarhlutfall 1,0 eða 1.745,0 fm.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd fellst ekki á uppskipti á lóðunum við Skeiði 2 og 4.*

**3. Skeið 2, Ísafirði. Umsókn um lóð undir þvottastöð - 2026030016**

Lögð fram umsókn um lóð undir bílaþvottastöð við Skeiði 2 á Ísafirði, frá Unnari Hermannssyni f.h. Erasmus eignarhaldsfélags ehf., dags. 27. febrúar 2026.

Á 607. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 26. apríl 2026 var lögð fram umsókn frá félaginu um lóðir við Skeiði 2, 4 og 6 á Ísafirði. Nefndin óskaði eftir frekari gögnum sem eru grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni.

Nú er lögð fram afstöðumynd unnin af Mansard teiknistofu ehf., ódags. ásamt nánari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi sem er bílaþvottastöð Löðurs.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í erindið en getur ekki úthlutað þremur lóðum á grundvelli einnar umsóknar. Nefndin bendir umsækjanda á að sækja um hverja lóð með viðeigandi gögnum, sbr. grein 1.5 í reglum um úthlutun lóða Ísafjarðarbæjar.*

*"Þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni".*

#### **4. Skeið við Tungubraut, Ísafirði. Umsókn um lóð - 2026040109**

Lögð fram umsókn frá Orku náttúrunnar ohf. skv. tölvupósti dags. 15. apríl 2026, um lóð á Skeiði undir hleðslugarð ON.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur jákvætt í erindi um hleðslugarð en bendir umsækjanda á að þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi, sbr. grein 1.5 í reglum um úthlutun lóða Ísafjarðarbæjar.*

#### **5. Áætlun eignamarka jarða í landeignaskrá - 2025060184**

Á 668. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar voru lögð fram gögn um áætlun eignarmarka jarða í eigu Ísafjarðarbæjar í Súðavíkurbreppi.

Gögnin eru lögð fram að nýju til frekari umræðna um framtíðarhorfur sveitarfélagsins er varðar Reykjanesið.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að fenginn verði ráðgjafi til að meta virði jarðarinnar Reykjanes L141585 í Ísafjarðardjúpi og mögulega framtíðarnýtingu svæðisins.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30**

---

Guðmundur Ólafsson

---

Anton Helgi Guðjónsson

---

Steinunn Guðný Einarsdóttir

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Gauti Geirsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

Helga Þuríður Magnúsdóttir

---

Erla Margrét Gunnarsdóttir